

Nr. 59.
22.
nóvbr.

Lög

um

fræðslu barna.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

I. kaffi.

Um fræðsluskýldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugjörð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd eða fræðslunefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða móþróða húsbænda, ber henni að gjöra ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarsstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært.:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar.
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu hluta; það skal og vera leikið í því, að reikna með lágum tölum í huganum.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Børns Undervisning.

Nr. 59.
22.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

I. Afsnit.

O m U n d e r v i s n i n g s p l i g t.

§ 1.

Børns Oplæring indtil 10 Aars Alderen besørgeres og bekostes af Hjemmene, undtagen hvor anderledes maatte blive bestemt ved et Skolereglement (§ 6). Ethvert 10 Aar gammelt Barn bør nogenlunde kunne læse og skrive, saafremt det har Evne dertil. Kommer det til en Skole- eller Undervisningskommissions Kundskab, at Børn i et Hjem ikke faa fyldestgørende Undervisning paa Grund af Husbondens Forsømmelighed eller Modvillighed, bør den træffe Foranstaltninger til, at Børnene anbringes andetsteds, hvor de erholde fornøden Undervisning. De heraf følgende Omkostninger ere Barnets Forsørgere pligtige at betale, men de kunne foreskydes af Kommunekassen. Omkostningerne kunne inddrives ved Udpantning.

§ 2.

Ethvert Barn, som har fyldt 14 Aar, bør have lært:

- 1) at læse sit Modersmaal tydelig og forstaaelig og kunne mundtlig fortælle hvad det læser; det skal ogsaa kunne skriftlig fremstille et Emne, som det godt kender, nogenlunde frit for ortografiske og sproglige Fejl; det skal vide noget om vore mest fremragende Mænd, navnlig dem som have levet i de sidste Aarhundreder, og kunne udenad nogle islandske Digte, navnlig fædrelandske og historiske Digte, og kunne tydelig forklare deres Indhold i ubunden Stil;
- 2) at skrive en læselig og ordentlig latinsk Skrift;
- 3) i Kristendommen de Kundskaber, som forlanges eller maatte blive forlangt til Konfirmationen;
- 4) i Regning fire Species i hele Tal og Brøk og at kunne anvende dem til at løse lette i det daglige Liv forekommende Opgaver, blandt andet til at udregne simple Legemers plane og kubiske Indhold; det skal ogsaa have Færdighed i at regne i Tankerne med lave Tal;

- Nr. 59. 5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnu-
 22. vegum þjóðar vorrar, þekkja legu helstu landa í Norðurálfunni og vita hvernig
 nóvbr. álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugjörðum skólanna.

¶ Sleppa má kristindómsfræðslu í farskólum og föstum skólum, ef fræðslunefnd eða skólanefnd telur það heppilegt.

II. kafli.

Um hjeraðaskipting sem undirstöðu barnafræðslu.

4. gr.

Hver kaupstaður er skólahjerað út af fyrir sig, sömuleiðis hvert það kauptún eða þorp, sem er hreppsfjælag út af fyrir sig eptir 4. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, enn fremur hver sá hreppur, er setur á stofn hjá sjer fastan skóla, hvort heldur heimangönguskóla eða heimavistaskóla eða hvorttveggja í einu, þannig lagaðan, að hann veiti hverju barni í hreppnum, sem er á skólaaldri (10—14 ára), að minnsta kosti 6 mánaða fræðslu á ári.

¶ Stjórnarráð Íslands getur og veitt þorpi eða hverfi, sem er partur af hreppsfjælagi, leyfi til að stofna skólahjerað fyrir sig, ef þar er settur á stofn fastur skóli, er veiti hverju barni þorpsins eða hverfisins á skólaaldri minnst 6 mánaða fræðslu á ári. Þó skal leyfi þetta ávalt bundið því skilyrði, að þeim parti hreppsins, sem lendir utan skólahjeraðsins, sje heimilt að nota skólann gegn því, að taka tiltölulegan þátt í skóla-kostnaði, með því að koma börnum fyrir í grennd við hann, svo að þau geti gengið þaðan daglega í skólann, eða með því að setja heimavistir í samband við hann, og að ef þetta leiðir til þess, að öll börn hreppsfjælagsins á skólaaldri njóti fræðslu í skólanum minnst 6 mánuði á ári, þá skuli allur hreppurinn vera eitt skólahjerað.

Skólanefnd hefur á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII. kafla).

5. gr.

Hver sá hreppur, sem ekki er skólahjerað, er fræðsluhjerað út af fyrir sig.

Ef skólahjerað er sett á stofn innanhrepps (sbr. 4. gr.), er sá hluti hreppsins, sem lendir utan takmarka skólahjeraðsins, fræðsluhjerað út af fyrir sig.

¶ Heimilt er fræðsluhjeruðum, tveimur eða fleiri, að ganga saman í eitt fræðsluhjerað með leyfi stjórnarráðsins.

Fræðslunefnd stjórnar fræðslumálum í hverju fræðsluhjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII. kafla).

- 5) at benytte Landkort; det skal ogsaa have noget Kendskab til Islands Natur og vort ^{Nr. 59.}
 Folks Næringsveje, kende de vigtigste europæiske Landes Beliggenhed og Verdens- ^{22.}
 delenes Beliggenhed paa Jordkloden; ^{Novbr.}
- 6) nogle simple Melodier, navnlig til islandske Fædrelandssange.

§ 3.

Foruden de i § 2 ommeldte Kundskaber skulle de 10—14 Aar gamle Børn, som kunne besøge faste Skoler, erhverve sig de Kundskaber i Geografi, Islands Historie, Naturhistorie og andre Lærefag, som maatte blive forordnede i Skolernes Reglementer. Undervisning i Kristendom kan bortfalde saavel i Omgangs- som faste Skoler, naar Undervisnings- eller Skolekommissionen finder det hensigtsmæssigt.

II. Afsnit.

Om Distrikts-Inddeling som Basis for Børneundervisningen.

§ 4.

Enhver Købstad udgør et særskilt Skoledistrikt, ligeledes ethvert Handelssted eller Landsby, som i Henhold til Lov om Landkommunernes Styrelse af 10. Novbr. 1905 § 4 udgør en særskilt Repskommune, endvidere enhver Rep, hvori der oprettes en fast Skole, Besøgs- eller Alumneskole eller begge Dele i Forening, og som er indrettet saaledes, at ethvert Barn i Reppen i Skolealderen (10—14 Aar) i samme nyder Undervisning i mindst 6 Maaneder hvert Aar.

Islands Ministerium kan ogsaa meddele en Landsby eller Bygd, der er en Del af en Repskommune, Ret til at indrette et særskilt Skoledistrikt, naar der oprettes en fast Skole sammesteds, hvori ethvert Barn i Landsbyen eller Distriktet i Skolealderen nyder Undervisning i mindst 6 Maaneder aarlig. Retten hertil skal dog altid betinges af, at den øvrige Del af Reppen har Adgang til at benytte Skolen mod forholdsvis Deltagelse i Omkostningerne, saaledes at den anbringer Børnene i en saadan Nærhed af Skolen, at de daglig kunne besøge den, eller indretter Alumnepladser i Forbindelse med Skolen, samt at, hvis dette fører til, at samtlige Børn i Reps-Kommunen i Skolealderen nyde Undervisning i Skolen i mindst 6 Maaneder af Aaret, hele Reppen da skal udgøre et Skoledistrikt.

En Skolekommission forestaar Undervisningsvæsenet i hvert Skoledistrikt under Tilsyn og Overledelse af Ministeriet (jfr. VII. og VIII. Afsnit).

§ 5.

Enhver Rep, der ikke er et Skoledistrikt, udgør et særskilt Undervisningsdistrikt.

Naar der i en Del af en Rep er oprettet et Skoledistrikt (jfr. § 4) udgør den øvrige Del af Reppen et særskilt Undervisningsdistrikt.

Med Ministeriets Samtykke kan to eller flere Undervisningsdistrikter slutte sig sammen i et fælles Undervisningsdistrikt.

En Undervisningskommission forestaar Undervisningsvæsenet i hvert Undervisningsdistrikt under Tilsyn og Overledelse af Ministeriet (jfr. VII. og VIII. Afsnit).
 Nr. 59. Lov af 22. November om Børns Undervisning.

Nr. 59.
22.
nóvbr.

III. kafli.

Um skólahald í skólahjeruðum.

6. gr.

Í hverju skólahjæraði skal vera fastur skóli, heimangönguskóli eða heimavista-skóli eða hvorttveggja saman. Reglugjörð um fyrirkomulag og hollustuhætti skólans skal samin af skólanefnd og liggur undir samþykki yfirstjórnar fræðslumála. Skulu foreldrar og þeir aðrir í skólahjæraðinu, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að senda börn sín í skólann og láta þau njóta þar kennslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd hjæraðsins veiti undanþágu, en það gjörir hún því að eins, að hún álíti, að fræðsla sú, er barnið fær utan skólans, verði jafngild þeirri fræðslu, sem skólinn veitir. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok skólaárs ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eptir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

Árlegur námstími skal vera að minnsta kosti 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn fræðslumála veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gjört til þess að nota skólann til kennslu barna 8—10 ára að aldri, að minnsta kosti 2 mánuði haust eða vor, samkvæmt reglugjörð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

7. gr.

Í þeim skólum, sem taldir eru í 6. gr., veitist kennslan ókeypis og greiðist skóla-kostnaður úr sveitarsjóði (bæjarsjóði). Í þeim skólahjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 4. gr.), skal hreppsnefnd jafna skóla-kostnaði sjerstaklega niður á gjaldendur hjæraðsins og þá aðra gjaldendur, er hafa notað skólann (sbr. 4. gr.), í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins.

IV. kafli.

Um fyrirkomulag barnafræðslu í fræðsluhjeruðum og um fræðslusamþykktir.

8. gr.

Hin sameiginlega barnafræðsla, eða eptirlit með heimafræðslu barna, sem veitt er eða veitt verður í fræðsluhjeruðum, veitist ókeypis, og greiðist hinn sameiginlegi kostnaður, svo sem til farskóla, eptirlits með heimafræðslu o. s. frv., úr sveitarsjóði. Í þeim fræðsluhjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 5. gr.), skal hrepps-nefnd jafna fræðslukostnaðinum sjerstaklega niður á gjaldendur fræðsluhjæraðsins í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins. Undanþegnir þessari aukaniðurjöfnun eru þó þeir gjaldendur fræðsluhjæraðsins, sem nota hinn fasta skóla skólahjæraðsins og gjalda til hans eptir 7. gr.

Nr. 59. Lög 22. nóvember um fræðslu barna.

III. Afsnit.

Om Skolehold i Skoledistrikterne.

Nr. 59.
22.
Novbr.

§ 6.

I ethvert Skoledistrikt skal der være en fast Skole, Besøgs- eller Alumneskole, eller begge Dele i Forening. Et Reglement om Skolens Indretning og de sanitære Forhold ved samme affattes af Skolekommissionen og stadfæstes af Overbestyrelsen for Undervisningssager. Forældre og andre, som have Børn i Skolealderen til Forsørgelse, ere pligtige til at lade dem gaa i Skolen og nyde Undervisning sammesteds i den lovbefalede Undervisningstid, med mindre Distriktets Skolekommission fritager dem derfor, hvilket den kan gøre, naar den antager, at den Undervisning, som Barnet nyder uden for Skolen, bliver lige saa frugtbringende som den af Skolen meddelte Undervisning. Ansøgninger om saadanne Fritagelser skulle være indkomne til Skolekommissionen til den af den selv fastsatte, aarlig ved Skoleaarets Udgang bekendtgjorte Tid.

Hvis Forældre eller andre, som have Børn til Forsørgelse, overtræde disse Bestemmelser uden gyldig Grund, ifalde de en Bøde fra 1—25 Kr. efter Politimesterens Bestemmelse i en Skrivelse til Skolekommissionen. Bøden tilflyder Kommunekassen.

Den aarlige Undervisningstid bør være mindst 6 Maaneder. Dog kan Overbestyrelsen for Undervisningssager tillade denne Undervisningstids Forkortelse med en Maaned, saafremt det gøres for at Skolen kan benyttes til Undervisning af Børn i 8—10 Aars Alderen, mindst to Maaneder om Efteraaret eller Foraaret, overensstemmende med et af Overbestyrelsen stadfæstet Reglement. Overbestyrelsen kan ogsaa bemyndige Skoledirektionen til at foreskrive Skolepligt for Børn under 10, men dog ikke under 7 Aars Alder.

§ 7.

I de i § 6 omhandlede Skoler meddeles Undervisningen uden Betaling, og Udgifterne til Skolen afholdes af Kommunekassen. I de Skoledistrikter, der kun omfatte en Del af en Rep (jfr. § 4) ligner Repsforstanderskabet Udgifterne til Skolen særskilt paa Distriktets skattepligtige og de øvrige skattepligtige, der have benyttet samme, i rigtigt Forhold til deres Bidrag til Reppens øvrige Fornødenheder.

IV. Afsnit.

Om Indretningen af Børneundervisningen i Undervisningsdistrikter og om Undervisningsvedtægter.

§ 8.

Den fælles Børneundervisning og Tilsynet med Hjemme-Undervisning af Børn, som er eller bliver ydet i Undervisningsdistrikter, meddeles uden Betaling. De fælles Udgifter, saasom til Omgangsskoler, Tilsyn med Hjemmeundervisning m. v. betales af Kommunekassen. I de Undervisningsdistrikter, der kun udgøre en Del af en Rep (jfr. § 5), skal Repsforstanderskabet ligne Undervisningsudgifterne særskilt paa Distriktets skattepligtige i rigtigt Forhold til deres Bidrag til Reppens øvrige Fornødenheder. Fritagne for denne Ekstrapaaligning ere dog de af Distriktets skattepligtige, der benytte Skoledistriktets faste Skole og betale til den efter § 7.

Nr. 59. Lov af 22. November om Børns Undervisning.

Nr. 59.

22.
nóvbr.

9. gr.

Fræðslunefnd stofnar til fræðslusamþykktar fyrir það fræðsluhjæði, er hún er skipuð fyrir, á þann hátt, er segir í 10.—14. gr. þessara laga.

10. gr.

Þegar fræðslunefnd hefur komið sjer saman um frumvarp til fræðslusamþykktar fyrir fræðsluhjæðið, skal hún kveðja til fundar alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kys til þess. Þá er fundur lögmætur, er helmingur allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþykktin skal ná til, eru á fundi.

11. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþykktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykkt, þarf meiri hluta atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræðslunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Þegar frumvarpið er þannig samþykkt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar.

12. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþykktar gangi of nærri frelsi manna eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþykktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlast gildi, og er samþykktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

13. gr.

Í fræðslusamþykkt má ákveða um farskólalald, eptirlit með heimafræðslu, ráðning kennara, laun þeirra, kennslutíma, nauðsynlegar kennslubækur og kennsluáhöld, og yfir höfuð allt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykkt má og setja ákvæði um, að öll börn á skólaaldri skuli skyld að taka þátt í þeirri sameiginlegri barnafræðslu, er fræðsluhjæðið veitir. Þó skulu börn vera undanþegin þessari skyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágur úrskurðar fræðslunefnd.

14. gr.

Brot mót löggiltri fræðslusamþykkt varðar sektum frá 1—25 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið.

15. gr.

Fræðslusamþykktir skulu samdar og samþykktar í hverju fræðsluhjæði eigi síðar en svo, að þær geti legið fyrir yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar 1. jan. 1910, Nr. 59. Lög 22. nóvember um fræðslu barna.

§ 9.

Undervisningskommissionen foranstalter paa den i denne Lovs §§ 10—14 angivne Maade tilvejebragt en Undervisningsvedtægt for det af Kommissionen foreslaaede Undervisningsdistrikt.

§ 10.

Naar Undervisningskommissionen er bleven enig om Forslag til en Undervisningsvedtægt for Undervisningsdistriktet, har den at indkalde til Møde samtlige Beboere af Distriktet, der ere stemmeberettigede i kommunale Sager.

Kommissionen bestemmer Stedet og Dagen for Mødet med tilstrækkeligt Varsel. Forhandlingerne ledes af Kommissionens Formand eller efter dens Bestemmelse af et andet af dens Medlemmer. Mødet er beslutningsdygtigt, naar mindst Halvdelen af de stemmeberettigede i det Distrikt, Vedtægten skal omfatte, er til Stede.

§ 11.

Undervisningskommissionen forelægger Mødet til Erklæring og Afstemning Forslag til den Vedtægt, den vil have oprettet. Til Vedtagelsen af Forslaget udfordres Flertallet af de mødtes Stemmer. Ændringsforslag til Kommissionens Forslag kan kun komme til Afstemning, naar de bifaldes af Kommissionens Flertal. Naar Forslaget saaledes er vedtaget, indsender Kommissionen det til Overbestyrelsen for Undervisningssager til Stadfæstelse.

§ 12.

Naar Overbestyrelsen for Undervisningssager finder, at en Undervisningsvedtægts Bestemmelser træde den personlige Frihed for nær eller komme i Strid med Lovene eller Lovenes Grundsætninger, nægter den at stadfæste Vedtægten og meddeler samtidig Undervisningskommissionen Grundene for Afslaget. I modsat Fald stadfæster Overbestyrelsen Undervisningsvedtægten, foranstalter den bekendtgjort samt bestemmer, naar den skal træde i Kraft, hvorefter den er verbindende for alle, der bo inden for Grænserne for dens Omraade.

§ 13.

I en Undervisningsvedtægt kan der tages Bestemmelse om Omgangsskolehold, Tilsyn med Hjemmeundervisning, Antagelse af Lærere, disses Løn, Undervisningstimer, de fornødne Lærebøger og Undervisningsapparater og overhovedet om ^{alt} Undervisningen vedrørende.

I Vedtægten kan der ogsaa tages Bestemmelse om, at alle Børn i Skolealderen skulle være pligtige til Deltagelse i den fælles Børneundervisning, som Undervisningsdistriktet yder. Fritagne for denne Pligt ere dog Børn, hvis Familiefædre godtgør, at de nyde en tilfredsstillende Hjemmeundervisning. Undervisningskommissionen tager Bestemmelse om en saadan Fritagelse.

§ 14.

Overtrædelse af en stadfæstet Undervisningsvedtægt medfører Straf af Bøder fra 1—25 Kr. efter Politimesterens Bestemmelse i en Skrivelse til Undervisningskommissionen. Bøderne tilfalde vedkommende Kommunekasse.

§ 15.

Undervisningsvedtægter skulle i hvert Undervisningsdistrikt være udfærdigede og vedtagne saa betids, at de kan forelægges Overbestyrelsen for Undervisningssager Nr. 59. Lov af 22. November om Børns Undervisning.

Nr. 59. ella er hjeraðið frá byrjun næsta skólaárs skylt til annaðhvort að halda uppi
22.
nóvbr. farskóla þannig löguðum, að hvert barn á skólaaldri geti fengið að minnsta kosti 2 mánaða
fræðslu á ári, eða, ef fræðslunefnd kýs það heldur, að ráða kennara, einn eða fleiri
eptir þörfum, til eptirlits með heimafræðslu. Ef fræðslunefnd kýs heldur að halda uppi
farskóla, skulu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir
til að láta þau njóta farkennslunnar, og gilda um undanþágur frá farskólaskyldunni
og brot gegn henni, sömu reglur og settar eru, að því er skólahjæruð snertir, í 6. gr., um
samskonar efni, með þeirri einni breytingu, að fræðslunefnd kemur í stað skólanefndar.

V. kafli.

Um próf.

16. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju skólahjæraði og fræðslu-
hjæraði. Í skólahjæruðum heldur skólakennarinn (eða skólakennararnir) prófið, í fræðslu-
hjæruðum sá maður, sem þar er ráðinn til farkennslu eða til eptirlits með heimafræðslu,
eða, ef slíks manns er ekki kostur, þá einhver hæfur maður, er fræðslunefnd ræður til
þess. Við próf skal jafnan vera prófdómandi skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Fær
hann allt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðast úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa
lögskipuðu námi, geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska undirritað af kennara
eða þeim, sem prófið heldur, og prófdómanda. Að loknu prófi skal prófdómandi senda
skólanefnd eða fræðslunefnd álit sitt skriflegt um það, hversu barnafræðslunni er háttað
í hjæraðinu, en hún sendir það yfirstjórn fræðslumála.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við
skólanefnd eða fræðslunefnd.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og allt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá,
er barnið hefur til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr., eptir úrskurði lögreglustjóra í
brjefi til skólanefndar eða fræðslunefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

17. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu
til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber skólanefnd
eða fræðslunefnd að gjöra ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og
má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kennslu á kostnað þess, er barnið hefur
til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

18. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefur eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber
skólanefnd eða fræðslunefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 17.
gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, unz það stenzt prófið eða er fullra 16 ára.

til Stadfæstelse den 1. Jan. 1910; i modsat Fald er Distriktet fra Begyndelsen af næste Skoleaar pligtigt til *e n t e n* at opretholde en saaledes indrettet Omgangsskole at ethvert Barn i Skolealderen kan erholde mindst 2 Maaneders Undervisning om Aaret, eller, naar Undervisningskommissionen foretrækker det, til at antage en eller flere Lærere efter Behov, til at føre Tilsyn med Hjemmeundervisningen. Hvis Kommissionen foretrækker en Omgangsskole, skulle Forældre og andre, der have Børn i Skolealderen til Forsørgelse, være pligtige til at lade dem nyde Omgangsundervisningen. Angaaende Fritagelse for Omgangsskolepligten og Overtrædelse af samme gælder de samme Bestemmelser, som i § 6 ere foreskrevne om lignende Forhold for saa vidt angaar Skoledistrikter, kun med den Forskel at Undervisningskommissionen træder i Stedet for Skolekommissionen.

Nr. 59.
22.
Novbr.

V. Afsnit.

O m P r ø v e r.

§ 16.

I ethvert Skole- eller Undervisningsdistrikt skal der aarlig afholdes en Prøve angaaende Børnenes Kundskaber. I Skoledistrikterne holdes Prøven af Skolelæreren (eller Skolelærerne); i Undervisningsdistrikterne holdes den af den til Omgangsundervisning eller Tilsyn med Hjemmeundervisning antagne Lærer, eller, hvis en saadan ikke haves, af en anden dertil som kvalificeret af Kommissionen antagen Person. Prøverne overværes altid af en af Overbestyrelsen for Undervisningssagerne antagen Censor. Denne oppebærer indtil 4 Kr. i Dagpenge, der udredes af Landskassen. Efter afsluttet lovbefalet Undervisning kunne Børnene erholde Attest vedrørende deres Kundskaber og Modenhed, underskrevet af den Lærer, der afholder Prøven, samt af Censor. Efter afholdt Prøve skal Censor tilstille Skole- eller Undervisningskommissionen en skriftlig Udtalelse angaaende Indretningen af Distriktets Børneundervisning, hvilken Erklæring derefter af Kommissionen indsendes til Overbestyrelsen for Undervisningssager.

Prøven skal afholdes om Foraaret paa det Sted og til den Tid, som af Censor i Samraad med Skole- eller Undervisningskommissionen dertil fastsættes.

Til Prøven skulle alle Børn i Alderen fra 10 til fyldte 14 Aar møde.

Kommer et Barn i denne Alder ikke til Prøven uden gyldigt Forfald, ifalder den, som har Barnet til Forsørgelse, en Bøde af 2—20 Kr. efter Politimesterens Resolution i en Skrivelse til Skole- eller Undervisningskommissionen. Bøden tilflyder Kommunekassen.

§ 17.

Viser et Barn under 14 Aar saa mangelfulde Kundskaber, at der er stor Sandsynlighed for, at det ikke erhverver de lovbefalede Kundskaber inden dets fyldte 14. Aar, bør Skole- eller Undervisningskommissionen træffe Foranstaltning til, at der drages større Omhu for dets Oplæring end tidligere, hvorhos den om fornødent kan foranstalte særlig Undervisning for Barnet paa dens Bekostning, som har det til Forsørgelse i Overensstemmelse med Reglerne i § 1.

§ 18.

Naar et Barn ved 14 Aars Alderen ikke har erhvervet de lovbestemte Kundskaber, bør Skole- eller Undervisningskommissionen forskaffe det tilstrækkelig Undervisning paa den i § 17 foreskrevne Maade, hvorhos Barnet er pligtig aarligt at indfinde sig til Prøven, indtil det bestaar den eller har fyldt 16 Aar. Undtagne fra Forskrifterne i Nr. 59. Lov af 22. November om Børns Undervisning.

Nr. 59. Undanskilin fyrir mælum þessarar greinar og fyrir mælum næstu greinar á undan eru
^{22.}
 nóvbr. þau börn, er skólanefnd eða fræðslunefnd dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir
 gáfnaskorts eða vanheilsu.

19. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

[VI. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

20. gr.

Styrkur úr landssjóði veitist til eptirlits með heimafræðslu, til farskóla, til heimangönguskóla og heimavistaskóla, eptir þeim reglum, sem segir í eptirfarandi greinum.

21. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til eptirlits með heimafræðslu eru:

1. að eptirlitinu sje hagað eptir reglugjörð, er sje löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samið og sett.
2. að til eptirlitsins sje ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minnsta kosti 6 mánuði á ári og hafi, auk ókeypis fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minnsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eptirlitinu.

Nú fullnægir hreppur þessum skilyrðum, og skal þá upphæð landssjóðsstyrksins ákveðin með tilliti til tölu þeirra barna á skólaaldri, er notið hafa eptirlitsins, og lengdar eptirlitstímans.

22. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til farskóla eru:

1. að kennslunni sje hagað eptir reglugjörð, sem fræðslunefnd hreppsins semur og yfirstjórn fræðslumála hefur samþykkt.
2. að kennarinn sje ráðinn af fræðslunefnd með skriflegum samningi og hafi, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minnsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann kennir,
3. að fullnægt sje ákvörðun yfirstjórnarinnar um kennsluáhöld.

Nú fullnægir hreppur kröfum þessum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kennslunnar nutu, og lengd náms tímans.

23. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til fasts heimangönguskóla eru:

1. að kennslu skólans sje hagað eptir reglugjörð, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samþykkt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kennsluáhöld;

Nr. 59. Lög 22. nóvember um fræðslu barna.

denne og den foregaaende Paragraf er de Børn, som af Skole- eller Undervisnings-
kommissionen anses uskikkede til den foreskrevne Oplæring paa Grund af manglende ^{22.}
Evner eller Helbred. Novbr.

§ 19.

Undervisningssagernes Overbestyrelse fastsætter Regler om Ordningen af Prøverne samt om de Indberetninger og Bevisligheder, som skulle tilstilles den angaaende Prøverne.

VI. Afsnit.

Om Betingelser for Understøttelse af Landskassen til Børns Oplæring.

§ 20.

Understøttelse af Landskassen til Tilsyn med Hjemmeundervisning og til Omgangs- Besøgs- og Alumnskoler bevilges efter de i efterfølgende Paragrafer foreskrevne Regler.

§ 21.

Betingelserne for Understøttelse af Landskassen til Tilsynet med Hjemmeundervisning ere:

- 1) at Tilsynet ordnes efter et overensstemmende med et af Undervisningssagernes Overbestyrelse udarbejdet Forbillede affattet Reglement.
- 2) at der til Tilsynet ved en skriftlig Kontrakt for en bestemt Tid antages en eller flere Lærere, der ere optagne mindst 6 Maaneder af Aaret og hvem der foruden fri Kost, Logis og Betjening tillægges en Løn af mindst 6 Kr. til hver for hver Uge, i hvilke de ere optagne af Tilsynet.

Naar en Rep fyldestgør disse Betingelser, faar den en Understøttelse af Landskassen, der bestemmes under Hensyn dels til Antallet af de Børn i Skolealderen, der have nydt godt af Tilsynet, dels til Tilsynstidens Længde.

§ 22.

Betingelserne for at erholde Understøttelse af Landskassen til en Omgangsskole ere:

- 1) at Undervisningen indrettes efter et af Undervisningskommissionen overensstemmende med et af Undervisningssagernes Overbestyrelse udarbejdet Forbillede affattet Reglement;
- 2) at Læreren antages af Kommissionen ved skriftlig Kontrakt og lønnes, foruden med Kost, Logis og Betjening, med i det mindste 6 Kr. for hver Uge han underviser;
- 3) at Overbestyrelsens Bestemmelser vedrørende Undervisningsapparater ere fyldestgjorte.

Naar en Rep fyldestgør disse Betingelser, faar den af Landskassen en Understøttelse i Forhold til Antallet af de Børn i Alderen af 10—14 Aar, som har nydt Undervisningen, samt Undervisningstidens Længde.

§ 23.

Betingelserne for at faa Understøttelse af Landskassen til en fast Besøgsskole ere:

- 1) at Skolens Undervisning er ordnet efter et af Undervisningsvæsenets Overbestyrelse godkendt Reglement;
- 2) at de af Overbestyrelsen foreskrevne Regler om disse Skolers hygiejniske Forhold samt dens Fordringer med Hensyn til Undervisningsapparater fyldestgøres;

- Nr. 59. 3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu, — með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minnsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur (kaupstaður) þessum kröfum, og fær hann þá úr landsjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og lengd námstímans.

24. gr.

Heimavistaskóla veitist styrkur úr landssjóði, ef hann fullnægir þessum skilyrðum:

1. að skólastaður og tilhögun skólahússins sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar fræðslumála;
2. að kennslunni og skipulagi skólans verði hagað eptir reglugjörð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennari skólans hafi að minnsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 20 börn njóta kennslu í skólanum í senn, en að því skapi minni laun, sem nemendur eru færri, þó aldrei minni en 18 kr., og skal kennarinn ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti frá beggja hálfu — með skriflegum samningi og með samþykki yfirstjórnar fræðslumála.

Nú fullnægir skólinn þessum skilyrðum, og veitist honum þá styrkur úr landsjóði eptir sömu reglum og föstum heimangönguskólum.

25. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála fyrirskipar.

VII. kafli.

Um skólanefndir og fræðslunefndir.

26. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, í fræðslunefnd 3 menn; er einn þeirra kosinn af hreppsnefnd, en hinir 2 eru kosnir á hreppaskilapingi, af þeim, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum.

Þegar tvö eða fleiri fræðsluhjeruð ganga saman í eitt fræðsluhjerað (sbr. 5. gr.), skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, á sameiginlegum fundi kjósa einn mann í fræðslunefnd fyrir hjeraðið, en hjeraðsbúar kjósa í sameiningu hina 2 nefndarmennina.

27. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar eða fræðslunefndar skal jafnan fram fara, er bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn hafa setið í bæjarstjórn eða hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd eða fræðslunefnd hjeraðsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni

- 3) at Skolens Lærere antages af Skole- eller Undervisningskommissionen — med en passende Opsigelsesfrist fra begge Sider — ved en skriftlig Kontrakt, saaledes at Hovedlæreren lønnes med mindst 18 Kr. og en Hjælpe lærer med mindst 12 Kr. for hver Uge, i hvilken de undervise 4—5 Timer om Dagen.

Nr. 59.
22.
Novbr.

Naar en Rep (Købstad) fyldestgør disse Betingelser, faar den en Understøttelse af Landskassen i Forhold til Elevantallet og Undervisningstidens Længde.

§ 24.

En Alumn-Skole tilstaaes Understøttelse af Landskassen, naar den fyldestgør følgende Betingelser:

- 1) at Skolens Beliggenhed og Skolebygningens Indretning er godkendt af Overbestyrelsen for Undervisningssager;
- 2) at Undervisningen og Skolens Indretning ordnes efter et af Overbestyrelsen godkendt Reglement;
- 3) at Skolens Hovedlærer oppebærer i det mindste 25 Kr. i Løn for hver Uge, hvori han underviser, foruden Logis, Belysning og Varme, saafremt ikke mindre end 20 Børn samtidig deltage i Undervisningen, men en forholdsvis lavere Løn naar Elevernes Antal er ringere, dog aldrig under 18 Kr., hvorhos Læreren skal være antagen af Skole- eller Undervisningskommissionen ved en skriftlig Kontrakt med passende Opsigelsesfrist fra begge Sider og med Samtykke af Overbestyrelsen for Undervisningssager.

§ 25.

Ethvert Andragende om Understøttelse til Børneundervisning ifølge foranstaaende Bestemmelser skal være ledsaget af de af Undervisningssagernes Overbestyrelse foreskrevne Oplysninger og Bevisligheder.

VII. Afsnit.

Om Skole- og Undervisningskommissioner.

§ 26.

Skolekommissionen bestaar af 5 af Bybestyrelsen eller Repsforstanderskabet valgte Medlemmer. Undervisningskommissionen bestaar af 3 Medlemmer, hvoraf en vælges af Repsforstanderskabet og to paa et Repsmøde af de i kommunale Sager stemmeberettigede.

Naar to eller flere Undervisningsdistrikter forene sig til et Distrikt (jfr. § 5), skulle vedkommende Repsforstanderskaber paa et fælles Møde vælge et Medlem af Undervisningskommissionen for Distriktet, medens de øvrige to vælges af Distriktets Beboere.

§ 27.

Valget af Kommissionens Medlemmer gælder for 3 Aar, hvorefter de kunne genvælges, men de er ikke pligtige til at modtage Genvalg før efter Forløbet af ligesaa lang Tid, som de have siddet i Kommissionen. Valg til en Skole- eller Undervisningskommission skal altid foregaa, naar Medlemmerne af Bybestyrelsen eller Repsforstanderskabet have siddet i Bestyrelsen af Repsforstanderskabet i tre eller seks Aar. De, som indvælges i Distriktets første Skole- eller Undervisningskommission, vælges kun til Udløbet af saadan Periode. Naar et Kommissionsmedlem dør eller af andre Grunde ud-

- Nr. 59. annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er
 22. kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eptir.
 nóvbr.

28. gr.

Nefndin kys úr sínum hóp til eins árs formann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefur atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan sjerstaklega.

29. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo opt, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gjört, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gjörðabók.

30. gr.

Skólanefnd hefur umsjón og eptirlit með öllum barnafræðslumálum hjeraðs þess, er hún er skipuð fyrir, sjerstaklega með skóla hjeraðsins, ræður kennara við skólann — og skulu jafnaðarlega þeir, sem staðizt hafa kennarapróf, látnir ganga fyrir öðrum — og hefur eptirlit með, að þeir gjöri skyldu sína, sjer um hið árlega próf, sem fyrirskipað er í lögum þessum, annast um, að börnin geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eptir því, sem yfirstjórn fræðslumálanna ákveður. Hún hefur umsjón með húsum skólans og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kennslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegum nauðsynlegra kennsluáhalda. Hún ráðstafar fje því, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu og afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar, um hag barnafræðslunnar.

31. gr.

Fræðslunefnd hefur allar hinar sömu skyldur og skólanefnd með þeim breytingum, sem eru eðlileg afleiðing af mismunandi verkahring.

Fræðslunefnd sjer um framkvæmd á löggiltum fræðslusamþykktum og átelur, ef þær eru brotnar.

32. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda og fræðslunefnda.

VIII. kaflí.

Um yfirstjórn fræðslumála og umsjón.

33. gr.

Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefur stjórnarráð Íslands. Sjer til aðstoðar hefur það skólafróðan mann, er ráðherra Íslands skipar. Gegnir hann aðallega um-Nr. 59. Lög 22. nóvember um fræðslu barna.

træder af Kommissionen, inden Udløbet af de 3 Aar, for hvilke han er valgt, skal den som vælges i hans Sted, ikkun sidde den tilbagestaaende Del af de 3 Aar i Kommissionen. Nr. 59.
22.
Novbr.

§ 28.

Kommissionen vælger af sin Midte for eet Aar en Formand og en Sekretær, Kommissionens Medlemmer ere pligtige til at modtage Genvalg to Aar i Træk.

Intet Medlem er stemmeberettiget i de Sager, som særlig angaa ham selv.

§ 29.

Formanden sammenkalder Kommissionen til Møder, saa ofte som det behøves. Kommissionen kan ikke tage nogen Bestemmelse, naar ikke over Halvdelen af Medlemmerne er til Stede. Sagerne afgøres ved Stemmefflerhed. Er Stemmerne lige, bliver Formandens Stemme den afgørende. Kommissionens Beslutninger indføres i en Forhandlingsprotokol.

§ 30.

Skolekommissionen har Ansvar for og Tilsyn med alle Børneundervisningen vedrørende Sager i det den anbetroede Distrikt; særlig har den Tilsyn med Distriktets Skole, antager dens Lærere — til hvilke Bestillinger de, der have bestaaet en Lærereksamen ordentligvis skal foretrækkes — og fører Tilsyn med, at Lærerne gør deres Pligt; den drager Omsorg for Udøvelsen af den i nærværende Lov foreskrevne aarlige Prøve og paaser, at Børnene kan faa de nødvendige Bøger og Apparater, som Overbestyrelsen for Undervisningssager i saa Henseende foreskriver. Den fører Opsyn med Skolens Bygninger og sørger for, at de til Undervisning benyttede Lokaler ere saaledes indrettede, at Børnenes Helbred ikke udsættes for Fare, samt drager Omsorg for Anskaffelsen af de nødvendige Undervisningsapparater. Den forvalter de af Købstaden eller Reppen til Børneundervisningen bevilgede Midler og afgiver betimelig til Repsbestyrelsen eller Repsforstanderskabet Overslag over Udgifterne til Børneundervisningen hvert Aar. Den udfærdiger de af Overbestyrelsen for Undervisningsvæsenet forlangte Oplysninger og Bevisligheder vedrørende Børneundervisningens Tilstand.

§ 31.

Undervisningskommissionen har de samme Forpligtelser som Skolekommissionen med de Læmpelser, som ere en naturlig Følge af det forskellige Virkeomraade.

Undervisningskommissionen foranstalter Gennemførelsen af stadfæstede Undervisningsvedtægter og paataler Overtrædelser deraf.

§ 32.

Overbestyrelsen for Undervisningssager fastsætter nærmere Bestemmelser om Skole- og Undervisningskommissionernes Pligter og Forretninger.

VIII. Afsnit.

Om Overbestyrelsen af og Tilsynet med Undervisnings-
sager.

§ 33.

Islands Ministerium har Overbestyrelsen af og Tilsynet med Undervisnings- sager, og har til Bistand en af Islands Minister ansat skolekyndig Mand, som hoved-
Nr. 59. Lov af 22. November om Børns Undervisning.

Nr. 59. sjónarstarfinu fyrir hönd stjórnarráðsins og undirbýr ráðstafanir þær og reglugjörðir,
 22.
 nóvbr. er stjórnarráðið setur um fræðslumál. Umsjónarmaður hefur að launum 3000 kr.
 Kostnað við ferðir, sem leiða af starfi hans, fær hann greiddan eptir reikningi.
 Starfssvið hans ákveður stjórnarráðið nánar með reglugjörð.

IX. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu úr gildi numin með lögum
 þessum og hvenær lögin öðlist gildi.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbrjef 2. júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1908.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

sagelig udøver Tilsyns-Myndigheden paa Ministeriets Vegne og forbereder de Foranstalt- Nr. 59.
ninger og Reglementer, som Ministeriet forordner angaaende Undervisningen. Den ^{22.}
Tilsynsførende oppebærer en Lønning af 3,000 Kr. samt Godtgørelse af de med hans ^{Novbr.}
Stilling forbundne Rejseomkostninger efter Regning. Hans Forretningsomraade be-
stemmes nærmere af Ministeriet ved et Reglement.

IV. Afsnit.

Om de ved denne Lov ophævede Lovbestemmelser og om
Lovens Ikrafttræden.

§ 34.

Ved nærværende Lov ophæves:
Reskript 2. Juli 1790 ang. Ungdommens Undervisning og Lov 9. Januar 1880 om
Børns Undervisning i Skrivning og Regning.

§ 35.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Juni 1908.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.